

Nd.

3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um skákleiðsögn í skólum.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að ráða, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, íslenska skákmenn í starf til ákveðins tíma til að annast leiðsögn um skákstarf í skólum landsins. Skilyrði er, að skákmaður hafi hlotið alþjóðlegan titil í skák. Laun skal miða við launakjör menntaskólakennara. Starfsskyldu og starfstilhögun skal ákveða með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Seint á síðasta þingi flutti flutningsmaður þessa frumvarps frumvarp um skák-kennslu, efnislega samhljóða þessu frumvarpi. Frumvarpinu var vísað til mennta-málanefndar. Eftir að hafa leitað umsagnar samtaka skákmanna og skólastjóra mælti nefndin einróma með því, að frumvarpið yrði samþykkt með nokkrum breyt-ingum, er og þetta frumvarp samhljóða tillögum nefndarinnar. Var frumvarpið síðan samþykkt við 2. umræðu í neðri deild rétt áður en þingi lauk. Tími var hins vegar talinn of naumur til þess að senda málið til efri deildar og afgreiða það þar við þrjár umræður. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var því hins vegar lýst yfir, að hún mundi fyrir sitt leyti greiða fyrir því, að málið hlyti afgreiðslu þegar þing kæmi saman nú í haust.

Þess vegna er málið nú flutt.